

## EINELTI OG ÖNNUR ÓÆSKILEG ÁREITNI Á VINNUSTAÐ

Hjördís Sigursteinsdóttir, aðjúkt, Háskólinn á Akureyri

Efnahagshrunið á haustdögum 2008 hafði áhrif á starfsaðstæður á mörgum vinnustöðum, ekki bara á hinum almenna markaði heldur einnig á opinberum vinnustöðum eins og hjá sveitarfélögunum. Í þessari rannsókn er beint sjónum að einelti og annarri óæskilegri áreitni á vinnustöðum starfsmanna 20 sveitarfélaga og skoðað hvernig einelti og óæskileg áreitni breyttist á fimm ára tímabili. Einnig var skoðað hvort kyn, aldur og hjúskaparstaða hafi haft áhrif á tíðni eineltis og annarrar óæskilegrar áreitni á vinnustað. Rannsóknin byggist á spurningalistakönnun sem lögð var fyrir í þrígang, árið 2010, 2011 og 2013. Svarhlutfallið var 64,5% árið 2010, 60,3% árið 2011 og 61,3% árið 2013. Það voru 2971 manns sem svöruðu öllum þremur fyrirlögnum spurningalistans. Þátttakendur endurspegluðu kynjahlutfall og aldur þýðisins vel. Niðurstöðurnar sýna að einelti, kynbundin áreitni, kynferðisleg áreitni, hótanir og líkamlegt ofbeldi jókst milli allra fyrirlagna spurningalistans, meira þó milli fyrirlagnanna 2010 og 2011 heldur en 2011 og 2013. Kynferði tengdist bæði einelti og hótunum á vinnustað þannig að fleiri konur höfðu orðið fyrir einelti á vinnustað en karlar og fleiri karlar en konur höfðu orðið fyrir hótunum á vinnustað. Einnig kom í ljós að einhleypir þátttakendur höfðu í meira mæli en þátttakendur sem voru giftir eða í sambúð orðið fyrir einelti, kynbundinni- og kynferðislegri áreitni og hótunum á vinnustað. Rannsóknin sýnir einelti og aðra óæskilega áreitni á vinnustöðum aukast á þessu 5 ára tímabili sem til skoðunar var en slíkt getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir heilsu, vellíðan og lífsgæði starfsfólks. Rannsóknin veitir stjórnendum sveitarfélaga mikilvægar upplýsingar sem gagnast þeim til að stuðla að bættu starfsumhverfi og þannig geta niðurstöðurnar orðið ávinningur fyrir starfsmenn sveitarfélaganna með tilliti til vinnuverndar.